

Nd.

464. Frumvarp til laga

[164. mál]

um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Laxá fremri í Austur-Húnavatnssýslu til raforkuvinnslu í 1900 hestafla orkuveri og leggja þaðan aðalorkuveitu til Blönduóss og Skagastrandar;
2. að virkja Þverá úr Þiðriksvallavatni í Strandasýslu í allt að 1400 hestafla orkuveri og leggja aðalorkuveitu þaðan til Hólmavíkur.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 9 milljónum króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að 3 milljónum króna, þó eigi meira en sem nemur $\frac{1}{3}$ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitna, sem um ræðir í 1. og 2. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni atvinnumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér óbundið atkvæði um frv. Greinargerð fyrir frv. felst í fylgiskjali því, er hér fer á eftir.

Fylgiskjal.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Reykjavík, 5. marz 1949.

Varðandi virkjanir Laxár fremri í A.-Hún. og Þiðriksvallavatns í Strandasýslu.

Skilyrði til vatnavirkjana til raforkuvinnslu í Húnavatnssýslum hafa verið rannsókuð um nokkurra ára bil. Í sýslunni er fátt um góða virkjunarstaðhætti. Laxá fremri í Húnavatnssýslu þykir þó einna líklegust af fallvötnum sýslunnar til virkjunar, þegar tillit er tekið til þess, hversu mikils afls er líklegt, að þörf verði á næstunni. Þó er virkjun Laxár kostnaðarsöm, ef nýtt er allt afl hennar, en verði aðeins virkj-
aður bezti kafli fallsins, er með því á glæ kastað nokkrum þúsundum hestafla, sem ekki verða síðar nýtt á hagkvæman hátt. Áætlunarverð 1900 hestafla virkjunar, sem þannig nýtir aðeins bezta kafla fallsins, er um 4 milljónir króna. Aðalorkuveita frá virkjun til Blönduóss og Höfðakaupstaðar er áætluð um 1 milljón krónur.

Blönduós hefur gamla vatnsaflsstöð í Laxá um 350 hö. að stærð og mótorrafstöð á Blönduósi að auki. Í Höfðakaupstað er mótorrafstöð. Gamla vatnsaflsstöðin er orðin mjög úr sér gengin. Blönduós hefur að vísu haft meira rafafl miðað við íbúa-
tölu kaupsins en nokkurt annað kaupstúrn eða kaupstaður af sömu stærð eða stærra, en orkuverð hefur verið lágt og rafmagnsnotkun til hitunar almenn, svo að allt afl stöðvarinnar er uppnótad. Mótorrafstöð Höfðakaupstaðar er ófullnægjandi.

Nú eru að vísu nokkur atriði enn óathuguð, sem að mínum dómi þarf að rann-
saka, áður en því er slegið föstu, hvernig Laxá skuli virkjuð. Enn fremur virðist

mér orka tvímælis, hvort tímabært sé að verja 5 milljón krónum í nýja virkjun og veitu eða hvort heldur ætti að lagfæra gömlu vatnsaflsstöðina og setja upp diesel-mótora til viðbótar. Loks er nú mjög slæmt útlit að því er við kemur fjáröflunar-möguleikum til rafveituf framkvæmda.

Eins og að framan er getið, má ganga út frá því, að vatnsorkuver, sem reist verður í Au.-Húnavatnssýslu, vinni raforku bæði handa Blönduósi og Höfðakaupstað. Enn fremur mun út frá því verða lagt til sveitanna, eftir því sem fé og ástæður leyfa. Verði síðar komið upp öðru vatnsorkuveri í sýslunni, verður það tengt við hið fyrra og veitur þess. Loks má gera ráð fyrir því, að síðar verði orkuver og veitur Húnavatnssýslu tengd við veitur annarra sýslna. Með því að þannig er um að ræða ráðstafanir um raforkuöflun, sem gerðar eru í þágu margra sveitarfélaga og síðar geta orðið liðir í rafveitum heils landshluta, verður að teljast eðlilegt og heppilegt, að rafmagnsveitur ríkisins annist þær og taki því að sér að reisa og reka vatnsorkuver í Au.-Húnavatnssýslu.

Með tilliti til þessa og með skírskotun til þeirra fyrirvara, sem að framan er getið, get ég fyrir mitt leyti fallið á, að nú þegar sé leitað heimildar Alþingis til þess að ríkisstjórnin láti reisa vatnsorkuver við Laxá fremri í Au.-Húnavatnssýslu, enda sé þá gengið út frá því, að heimildin verði ekki notuð fyrr en að fullathuguðu máli og ekki hafizt handa um framkvæmdir, nema nauðsynlegt fé til þeirra hafi verið tryggt.

Fyrir Hólmavíkarkauptún og nágrenni þess kemur varla til greina nema einn virkjunarstaður til raforkuvinnslu, þ. e. frárennsli Þiðriksvallavatns. en til álita getur komið, hvornig beri að virkja fallvatnið. Áætlanir hafa verið gerðar um tvenns konar virkjun. Áætlanir þessar voru gerðar fyrir rúmu ári síðan, en verðlag hefur hækkað síðan, og verður því að gera ráð fyrir, að kostnaðaráætlun muni hækka nokkuð við endurskoðun, en það raskar þó ekki samanburðargrundvællinum.

Önnur tilhögun virkjunar er sú, að nýta aðeins efra hluta fallhæðarinnar, 40 metra, og fá 1400 hö., áætlunarverð (sbr. ofanritað) kr. 2400000.00, eða kr. 1700.00 á hvert hestafl; hin að virkja allt fallið 76 m með 1300 hö., áætlunarverð kr. 3345000.00, eða kr. 2570.00 hvert hestafl. Við þá fyrri virðist ekki með hagkvæmu móti hægt að bæta neinu síðar, en við þá síðari má bæta 1300 hestöflum með kr. 2333000.00 áætlunarverði. Hagar því hér til að sinu leyti eins og við Laxá í A.-Húnavatnssýslu, að ef valin er ódýrasta virkjunartilhögun í svip, er spillt skilyrðum til hagkvæmra aukninga síðar. Þetta atriði skiptir að vissu leyti meira máli hér en í Húnavatnssýslunni, vegna þess að Steingrímsfjörður er einangraðri og traúðla um aðra virkjunarstaði að ræða.

Þá gildir hið sama um virkjun handa Hólmavík sem um virkjun Au.-Hún., að telja má, að orki tvímælis, hvort tímabært er að verja allt að 5 millj. kr. í virkjun og veitu heldur en að auka um sinn mótorrafstöð Hólmavíkur, enda eins og fyrr er sagt mjög erfitt um fjárútleitun til rafveituf framkvæmda.

Með hliðsjón af því, að virkjun Þiðriksvallavatns er eina vatnsaflsvirkjun, sem til greina virðist koma fyrir Hólmavík og byggðir Steingrímsfjarðar og Bjarnarfjarðar, og með skírskotun til þess, sem áður er sagt, tel ég þó hægt að fallast á, að nú þegar sé leitað heimildar Alþingis til þess, að ríkisstjórnin megi láta virkja Þiðriksvallavatn til raforkuvinnslu handa þessum byggðarlögum, enda sé þá, eins og að framan getur um virkjun í A.-Hún., gengið út frá því, að heimildin verði ekki notuð fyrr en að fullathuguðu máli og framkvæmdir ekki hafnar, nema það fé, er til þeirra þarf, hafi verið tryggt.

Allra virðingarfullst,

Jakob Gislason.

Til atvinnuáráðuneytisins, Reykjavík.